

S A M Þ Y K K T I R
O N P O W E R O H F.

Nafn félagsins heimili og tilgangur

1. gr.

Félagið er opinbert hlutafélag og nafn þess er ON Power ohf.

2. gr.

Heimili félagsins er að Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík.

3. gr.

Tilgangur félagsins er vinnsla, framleiðsla og sala raforku og heits vatns og gufu, auk annarrar starfsemi sem hefur sambærilega stöðu. Einnig sú starfsemi önnur sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað fyrirtækisins, sem og iðnþróun og nýsköpun samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni, enda tengist verkefnið grunnhlutverki fyrirtækisins.

Hlutafé

4. gr.

Hlutafé félagsins er 23.000.000.000,- krónur tuttugu og þrjár milljarðar 00/100-. Hlutafénu er skipt í hluti og er hver hlutur ein króna að nafnverði. Heimilt er að gefa út eitt hlutabréf fyrir öllu hlutafé hluthafa.

5. gr.

Félaginu skal óheimilt að eiga hlut í sjálfu sér.

6. gr.

Ákvarðanir um hækkun eða lækkun hlutafjár skulu teknar á hluthafafundi.

7. gr.

Félagið skal eingöngu fjármagnað í gegnum Orkuveitu Reykjavíkur sef.

8. gr.

Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá samkvæmt lögum. Heimilt er að hafa skrána í tryggu lausblaðaformi eða rafræna. Ef hlutabréf eru gefin út með rafrænum hætti er útskrift úr skrá verðbréfamíðstöðvar fullgild hlutaskrá. Hlutaskrá skal geymd á skrifstofu félagsins og á hluthafi og stjórnvöld aðgang að henni og mega kynna sér efni hennar.

Í hlutaskrá skal greina:

- a. Nafn, kennitölu og heimilisfang hluthafa.
- b. Númer og fjárhæð hlutar.

- c. Upplýsingar um atkvæðisrétt hluthafa og skal þar jafnframt geta allra þeirra samstæðutengsla sem hlutafélagið er í.
- d. Útgáfudag hlutabréfs.

9. gr.

Eiganda skal vera óheimilt að framselja eða veðsetja hlut sinn í félaginu.

Hluthafafundir

10. gr.

Hluthafafundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins.

Hluthafi fer með ákvörðunarvald sitt í málefnum félagsins á hluthafafundum. Hluthafafundir skulu haldnir á heimili félagsins. Þó er heimilt, með sérstakri samþykkt að halda hluthafafundi annarstaðar, enda sé þess sérstaklega getið í fundarboði.

Félagsstjórn skal boða til hluthafafunda með tilkynningu til hluthafa með tölvupósti eða öðrum rafrænum hætti, nema hluthafi hafi óskað sérstaklega eftir boðun bréflega.

Ætíð skal boða stjórnarfolk, framkvæmdastjóra og endurskoðendur félagsins á hluthafafundi, svo og fulltrúa fjölmiðla á aðalfund.

11. gr.

Aðalfund skal halda eigi sjaldnar en einu sinni á ári, eigi síðar en í júnímánuði og að teknu tilliti til aðalfundar Orkuveitu Reykjavíkur sef. Á aðalfundi skal leggja fram ársreikning og skýrslu endurskoðenda eða skoðunarmanna.

Á aðalfundi skal taka ákvörðun um:

- a. Staðfestingu ársreiknings.
- b. Hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
- c. Ákvörðun um þóknun stjórnar.
- d. Tillögu félagsstjórnar um starfskjarastefnu félags standi lög til þess.
- e. Kosningu stjórnar.
- f. Kosningu endurskoðenda.
- g. Önnur mál.

Fulltrúum fjölmiðla er heimilt að sækja aðalfund opinbers hlutafélags. Kjörnum fulltrúum eigenda Orkuveitu Reykjavíkur sef. er heimilt að sækja aðalfund með rétt til að bera fram skriflegar fyrirspurnir.

Félagsstjórn boðar til hluthafafunda. Skal fundarboð sent með mest fjögurra vikna en minnst einnar viku fyrirvara en tveimur vikum fyrir aðalfund hið skemmsta. Í fundarboði skal tilgreina dagskrá fundar.

12. gr.

Handhafi hlutafjár í félaginu fer með ákvörðunarrétt á hluthafafundi. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

13. gr.

Hluthafafundi stýrir fundarstjóri. Fundurinn kýs fundarstjóra úr hópi fundafólks.

Fundarstjóri skal láta kjósa fundarritara sem heldur fundargerðabók. Í fundargerðabók skal skrá ákvarðanir hluthafafundar. Skrá yfir viðstadda og umboðsmenn skal færð í fundargerðabók eða fylgja henni. Fundargerð skal lesa upphátt fyrir fundarlok og skrá þar athugasemdir ef fram koma. Fundarstjóri getur þó óskað eftir heimild fundarins til að ganga frá fundargerð án þess að hún sé lesin upp á fundinum. Handhafi hlutfjár eða viðstaddur umboðsmaður hans, fundarstjóri og fundarritari skulu undirrita fundargerðabók.

Í síðasta lagi fjórtán dögum eftir hluthafafund skal hluthafi eiga aðgang að fundargerðabók eða staðfestu endurriti fundargerða á skrifstofu félagsins. Fundargerðabók skal varðveitt með tryggilegum hætti. Fulltrúar fjölmiðla skulu í síðasta lagi fjórtán dögum eftir aðalfund eiga aðgang að fundargerðabók vegna aðalfundar opinbers hlutafélags eða staðfestu endurriti fundargerðar aðalfundar á skrifstofu félagsins.

Stjórn og framkvæmdastjórn

14. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð fimm einstaklingum og tveimur til vara, sem kjörnir eru á aðalfundi til eins árs í senn. Skal tryggt að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40% meðal aðal- og varamanna og skulu hlutföllin í stjórn og varastjórn í heild vera sem jöfnust. Meirihluti stjórnar getur skuldbundið félagið.

Forstjóri gerir tillögu til aðalfundar um hverjir skuli kosnir í stjórn. Áður skal hann kynna tillögu að skipan stjórnar fyrir stjórn Orkuveitu Reykjavíkur.

15. gr.

Kjorið stjórnarfolk skal uppfylla eftirfarandi hæfisskilyrði:

- vera lögráða og hafa óflekkað mannorð og mega ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota,
- ekki hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm á síðustu 10 árum fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, eða lögum um hlutafélög,
- skal vera fjárhagslega sjálfstætt,
- hafa lokið háskólaprófi sem nýtist í starfi stjórnar. Þó er heimilt að veita undanþágu frá kröfunni á grundvelli reynslu og þekkingar viðkomandi,
- ekki eiga sæti í stjórn samkeppnisaðila félagsins eða aðila sem er í nánum tengslum við hann né vera starfsfolk eða endurskoðendur samkeppnisaðila eða aðila í nánum tengslum við hann,
- ekki eiga sæti í stjórn, vera starfsfolk veitufyrirtækis í sömu samstæðu eða hafa aðgang að viðskiptaupplýsingum um viðskiptavini veitufyrirtækis sömu samstæðu.

Við val á stjórnarfólki skal horft til samvals þekkingar á grunnþáttum starfsemi fyrirtækisins, einkum auðlinda- og orkumálum, fjármálum, stjórnun og rekstri, lögfræði og markaðsmálum.

ON Power er eining tengd almannahagsmunum og sinnir mikilvægu hlutverki í íslensku samfélagi. Til að vernda trúverðugleika félagsins í samfélaginu skal stjórnarfolk ávallt gæta að því að hegðun þess og háttsemi hafi ekki neikvæð áhrif á hagsmuni og orðspor félagsins. Verði uppvíst um slíkt missir viðkomandi hæfi og umboð til starfa í þágu félagsins. Hið sama á við um framkvæmdastjóra og lykilstarfsfolk. Það er í höndum þess eða þeirra sem veitir viðkomandi umboð að meta hvort brotið hefur verið gegn ákvæðinu.

16. gr.

Stjórn skal sjálf skipta með sér verkum.

17. gr.

Félagsstjórn fer með málefni félagsins og skal annast um að skipulag þess og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórn skal setja félaginu stefnu í samræmi við ákvæði 18. gr. í samþykktum þessum. Félagstjórn ræður framkvæmdastjóra og ákvarðar starfskjör hans. Félagstjórn og framkvæmdastjóri fara með stjórnun félagsins.

Félagsstjórn skal annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins. Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti. Stjórn skal setja sér starfsreglur. Starfsreglur skulu birtar á vef félagsins. Einnig skal hún gera starfsáætlun fyrir hvert rekstrarár.

Einungis félagsstjórn getur veitt prókúruumboð.

Stjórnarfolk og framkvæmdastjóri skulu gefa stjórn skýrslu um eign sína í félögum skipti það máli varðandi starf þeirra.

Eftirfarandi ákvarðanir stjórnar eru háðar staðfestingu hluthafafundar

- Ákvarðanir sem tiltekið er í eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur sef., að skuli hljóta samþykki eigenda.
- Ákvarðanir um einstakar nýjar skuldbindingar enda sé fjárhæð þeirra yfir 5% af eigin fé félagsins samkvæmt síðasta ársreikningi eða árshlutareikningi.

18. gr.

Stjórn skal setja fyrirtækinu heildarstefnu og framtíðarsýn í samræmi við eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur sef. og skilgreina í henni mælikvarða í rekstri fyrirtækisins. Stefnumörkun félagsins skal samræmast eftirfarandi stefnumörkun fyrir Orkuveitu Reykjavíkur sef., sem í gildi eru á hverjum tíma:

- a. Gæðastefna.
- b. Upplýsingaöryggisstefna.
- c. Öryggis-, heilsu- og vinnuvernd.
- d. Umhverfis- og auðlindastefna.
- e. Mannauðsstefna.
- f. Starfskjarastefna.
- g. Siðareglur.
- h. Innkaupastefna.
- i. Áhættustefna.
- j. Jafnréttisstefna.
- k. Stefna í upplýsingatæknimálum.
- l. Persónuverndarstefna.

19. gr.

Stjórn ber að fara reglulega yfir og upplýsa eiganda um stöðu mála og framkvæmd stefnumörkunar í einstökum málaflökkum.

20. gr.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem félagsstjórn hefur gefið. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá félagsstjórn og eða hluthafafundi [...], nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana félagsstjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi félagsins. Í slíkum tilvikum skal félagsstjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.

21. gr.

Félagið skal starfa samkvæmt þeim vottuðu stjórnunarkerfum sem í gildi eru á hverjum tíma hjá Orkuveitu Reykjavíkur sef., eftir því sem við á.

Reikningar og endurskoðun

22. gr.

Endurskoðendur félagsins skulu vera þeir sömu og endurskoðendur Orkuveitu Reykjavíkur sef.

23. gr.

Starfsár og reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreikninga og lagt fyrir endurskoðanda eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund.

Breytingar á samþykktum

24. gr.

Ákvörðun um breytingar á samþykktum þessum skal aðeins tekin á hluthafafundi.

25. gr.

Ákvörðun um félagsslit, án þess að um gjaldþrotaskipti sé að ræða, skal tekin á hluthafafundi og vera háð staðfestingu eigenda Orkuveitu Reykjavíkur sef. Skal þá hluthafafundur óska löggildingar hlutafélagaskrár á kosningu skilanefndar fyrir félagið.

Lokaákvæði

26. gr.

Samþykktir þessar skulu birtar á vef félagsins. Jafnframt skal birta á vef félagsins ársreikning, samstæðureikning og sex mánaða árshlutareikning félagsins.

27. gr.

Þar sem samþykktir þessar mæla ekki fyrir um hvernig með skuli farið í einstökum málefnum, skulu ákvæði laga nr. 2/1995 um hlutafélög, laga um Orkuveitu Reykjavíkur ásamt ákvæðum annarra laga og sameignarsamnings Orkuveitu Reykjavíkur, gilda eftir því sem við á hverju sinni.

Samþykktir þessar voru staðfestar á aðalfundi 18. apríl 2024.